

## Fwd: Heimarafstöð á Hóli

**Til** : Helga Þuríður Magnúsdóttir  
**Frá** : Birkir Þór Guðmundsson <birkir@orkuver.is>  
**CC** : Heiða Hrund Jack;Kristin Albertsdottir <kristinalberts@hotmail.com>  
**Heiti** : Fwd: Heimarafstöð á Hóli  
**Málsnúmer** : 2020050055  
**Málsaðili** : Birkir Þór Guðmundsson  
**Skráð dags** : 24.05.2020 12:23:53  
**Höfundur** : Birkir Þór Guðmundsson <birkir@orkuver.is>

Sæl og blessuð Helga

Sendi ykkur hér samskipti við landeigendur á Görðum varðandi áformin um heimarafstöð. Garðar eiga land að Hólsá og eru því eigendur vatnsréttinda að hálfu á móti Hóli, Eins og þið sjáið á meðfylgjandi pósti þá eru landeigendur Garða ekki mótfallnir því að rafstöðin verði byggð og verður í framhaldinu gengið formlega frá samningi þess efnis á grundvelli þess sem landeigendur þar réttilega tilgreina.

Samstaða um nýtingu sameiginlegar vatnsréttinda er grundvöllur þess að málið geti hlotið afgreiðslu bæjarfélagsins og því mikilvægt að skipulags- og mannvirkjanefnd verði upplýst um að sátt ríkir á milli landeigenda jarðanna um nýtinguna.

Með kveðju,  
**Birkir Þór Guðmundsson**

Begin forwarded message:

**From:** Önundur Magnússon <[onundur@simnet.is](mailto:onundur@simnet.is)>  
**Subject:** Heimarafstöð á Hóli  
**Date:** 22 May 2020 at 13:26:10 GMT  
**To:** Birkir Þór Guðmundsson <[birkir@abf.is](mailto:birkir@abf.is)>  
**Cc:** <[sigjona@landspitali.is](mailto:sigjona@landspitali.is)>, Ólafur G. Flóvenz <[Olafur.G.Flovenz@isor.is](mailto:Olafur.G.Flovenz@isor.is)>

Sæll Birkir.

Þökk fyrir teikningar og upplýsingar.

Við, eigendur Garða, höfum rætt málið okkar á milli.

Varðandi hugsanlega virkjun Hólsár fyrir heimarafstöð í Hólslandi þá er afstaða okkar sú að við getum fallist á að áin verði virkjuð að einhverju leyti. Það verður þó alltaf að vera þannig að sú virkjun sem þið kynnuð að reisa takmarki ekki rétt okkar til sambærilegrar framkvæmdar okkar megin.

Miðað við þær rennismælingar sem þið Ásgeir hjá Orkuver ehf. létuð gera í ánni árið 2013 þá mældist lægsta rennsli í henni vera um 150 l/s og sumarrennsli rúmlega 280 l/s. Það þýðir að hvor aðili gæti búist við að hafa aðgang að helmingi þess vatnsmagns, eða með öðrum orðum, helmingi vatnsmagns árinna á hverjum tíma.

Þá er það skilyrði af okkar hálfu, að allt rask í ánni og farvegi hennar, þar með talin gerð og fyrirkomulag inntaksmannvirkja í ánni, verði að vera með samkomulagi beggja aðila.

Við, eigendur Garða, erum tilbúin að semja við ykkur um þessi mál þar sem réttindi og skyldur beggja aðila yrðu tilgreind.

Kveðja,

Önundur Magnússon Austurbrún 2, 104 Reykjavík.

Sigurrós Jónasdóttir Silungakvísl 13, 110 Reykjavík.

Ólafur G. Flóvenz Silungakvísl 13, 110 Reykjavík.